HLUTHAFASTEFNA GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS

1. Gildissvið

Hluthafastefna Gildis-lífeyrissjóðs gildir um fjárfestingar sjóðsins í þeim félögum sem hann á verulegan eignarhlut í, enda nemi markaðsvirði eða bókfært verðmæti fjárfestingarinnar a.m.k. ISK 1.000.000.000,00. Verulegur eignarhlutur telst vera:

a) 0,5% af heildareignum lífeyrissjóðsins
b) 5% eða hærri eignarhlutur í hverju félagi eða
c) sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félagsins.

Stjórn getur undanþegið frá hluthafastefnunni að hluta eða öllu leyti félög sem sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Sama gildir um sérhæfð fjárfestingarfélög og eignarhaldsfélög, enda felist starfsemi slíkra félaga einkum í vali á fjárfestingarkostum eða eftirfylgni með tilteknum fjárfestingum sjóðsins.

2. Markmið stefnunnar

Gildi-lífeyrissjóður er langtímafjárfestir og hefur það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og tryggja þeim bestu lífeyrisréttindi sem kostur er á með ávöxtun iðgjalda, áhættustýringu og hagkvæmum rekstri, í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma.

Fjárfestingastefna Gildis-lífeyrissjóðs er sett af stjórn sjóðsins ár hvert og markar hún stefnu um hvernig eignasamsetningu sjóðsins skuli háttað að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Markmið hluthafastefnu þessarar er að marka stefnu og stjórnarhætti Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í og stuðla þannig að gegnsæi í fjárfestingum sjóðsins og ábyrgð hans sem eiganda.

3. Um framkvæmd stefnunnar

Hluthafastefnan er höfð til hliðsjónar við ákvarðanir Gildis-lífeyrissjóðs um einstaka fjárfestingar sem undir stefnuna falla og eftirfylgni með slíkum fjárfestingum, ásamt því að vera til hliðsjónar við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast framkvæmd hluthafastefnunnar í samráði við stjórn og starfsmenn sjóðsins eins og nánar greinir í stefnunni. Við framkvæmd stefnunnar skal gætt að viðeigandi reglum um hagsmunaárekstra og vanhæfi.

4. Markmið Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda

Stefna Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda er að standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga sjóðsins til lengri og skemmri tíma. Gildi-lífeyrissjóður beitir sér sem eigandi í þeim tilgangi að stuðla að langtíma hagsmunum og sjálfbærni og góðum stjórnarháttum þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í. Með lögboðnum og góðum stjórnarháttum er í stefnu þessari m.a. átt við stjórnarhætti á hverjum tíma samkvæmt gildandi lögum, Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út hverju sinni af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Ísland og Samtökum atvinnulífsins. Jafnframt er að finna í hluthafastefnu þessari tilteknar áherslur Gildis-lífeyrissjóðs um stjórnarhætti.

5. Stjórnarhættir Gildis-lífeyrissjóðs sem hluthafa

5.1. Almennt

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á að þau félög sem hann fjárfestir í fylgi lögboðnum og góðum stjórnarháttum og gefi út fullnægjandi stjórnarháttayfirlýsingar, standi vörð um réttindi hluthafa, fylgi lögum og reglum og gæti að samfélagslegri ábyrgð, umhverfismálum og viðskiptasiðferði.

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á að hlutverk stjórna þeirra félaga sem hann fjárfestir í sé skilgreint í samþykktum félags og/eða ákvörðun hluthafafundar eftir því sem við á, til nánari útfærslu á lögboðnu hlutverki stjórna félaga og ábyrgð gagnvart eigendum og öðrum hagsmunaaðilum.

Eins leggur Gildi-lífeyrissjóður áherslu á að starfsreglur stjórna séu til staðar og þær sniðnar að lögboðnum og góðum stjórnarháttum. Áhersla er lögð á skýrt hlutverk stjórnarformanns, erindisbréf forstjóra, starfsáætlun stjórnar, undirnefndir, vanhæfi og hagsmunaárekstra, árangursmat stjórnar, reglubundna endurskoðun stjórnarhátta og birtingu stjórnarháttayfirlýsinga.

Gildi-lífeyrissjóður mun yfirfara stjórnarhætti félaga sem hann fjárfestir í, s.s. starfsreglur, stjórnarháttayfirlýsingar, starfskjarastefnur, skýrslur um framkvæmd starfskjarastefnu, tillögur fyrir hluthafafundi og aðra upplýsingagjöf frá félögum sbr. ákvæði 5.2., og mun beita sér fyrir því að úr því sé bætt sem sjóðurinn telur að betur megi fara eins og nánar greinir í ákvæðum 5.3. sbr. 5.4.

5.2. Upplýsingagjöf félaga

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á góða og skipulega upplýsingagjöf stjórnenda félaga til hluthafa, hvort heldur er með opinberum tilkynningum/upplýsingagjöf, í gegnum fjárfestatengil félags, ritara stjórnar, heimasíðu, hluthafa-, aðal- og fjárfestafundi eða með öðrum hætti.

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á að stjórnir félaga skilgreini reglur um upplýsingagjöf og samskipti við hluthafa í starfsreglum sínum og að félög sem skráð hafa hlutabréf sín á skipulegan verðbréfamarkað gefi út upplýsingastefnu í samræmi við tilmæli NASDAQ OMX Ísland í Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga.

5.3. Samskipti við stjórnir félaga

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á gagnkvæm samskipti vegna stjórnarhátta við yfirstjórnir félaga, í þeim tilgangi að byggja upp trúnað og skilning, bæta ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnenda félaga annars vegar og eigendaákvarðanir sjóðsins hins vegar.

Telji Gildi-lífeyrissjóður nauðsynlegt að eiga bein samskipti við stjórnir um einstök mál eða verkefni stjórna, er stofnað til slíkra samskipta við formenn stjórna félaga og að öðru leyti í samræmi við starfsreglur viðkomandi stjórna. Samskipti við stjórnir fara fram á fundum, þ.m.t. hluthafafundum, eða í formi erinda sem send eru til stjórna, hvort heldur um einstök sjónarmið, hagsmuni, rannsóknir, sérþekkingu eða annað sem sjóðurinn telur að eigi erindi til stjórna.

Gildi-lífeyrissjóður hefur ekki frumkvæði að beinum samskiptum við einstaka stjórnarmenn um einstök mál eða verkefni stjórna. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir samskipti við einstaka stjórnarmenn að þeirra eigin frumkvæði, eða samskipti varðandi önnur atriði en einstök mál eða verkefni stjórna, s.s. ákvæði hluthafastefnu þessarar.

Í samskiptum Gildis-lífeyrissjóðs skal ávallt gætt að ákvæðum laga um innherjaupplýsingar og reglum samkeppnislaga, sem og meginreglum laga um trúnaðarskyldu stjórnar við félag, starfsmenn, viðskiptamenn eða aðra, og jafnræði hluthafa.

Framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs annast samskipti f.h. sjóðsins samkvæmt þessari grein, ásamt þeim starfsmönnum sem hann telur viðeigandi hverju sinni. Hann skal halda skrá yfir öll samskipti sín við stjórnir og stjórnarmenn félaga.

5.4. Þátttaka í ákvörðunum hluthafafunda

Sé það mat Gildis-lífeyrissjóðs að upplýsingagjöf félaga skv. 5.2. og samskipti við stjórnir félaga samkvæmt 5.3. nægi ekki til að ná fram áherslum sjóðsins, mun hann beita réttindum sínum sem eigandi vegna stjórnarhátta félaga, s.s leggja fram tillögur og/eða ályktanir á hluthafafundum, greiða atkvæði um slíkar tillögur og ályktanir eða selja eignarhlut sinn.

Framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs og starfsmenn sjóðsins yfirfara allar tillögur sem samkvæmt dagskrá á að leggja fyrir hluthafafundi. Framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs annast jafnframt tillögugerð og meðferð atkvæðisréttar f.h. sjóðsins og skal halda skrá yfir slík samskipti og atkvæðagreiðslur.

5.5. Tilnefningar í stjórnir

Gildi-lífeyrissjóður tilnefnir vel hæfa einstaklinga í stjórnir félaga, annaðhvort einn og sér, í samstarfi við aðra aðila eða með þátttöku í valnefnd gefist færi á því. Tilnefningum er beint til stjórna og ef við á valnefnda. Ekki eru tilnefndir stjórnarmenn né starfsmenn sjóðsins í stjórnir félaga sem stefna þessi nær til sbr. ákvæði 4.13. í samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs.

Framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og varaformaður stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs mynda valnefnd sjóðsins. Nefndin nýtur liðsinnis starfsmanna sjóðsins og/eða utanaðkomandi ráðgjafa við leit og val á stjórnarmönnum.

Valnefnd sjóðsins kemur saman eftir því sem þörf krefur í aðdraganda aðalfunda félaga eða þegar kosning stjórnarmanna stendur fyrir dyrum í félögum. Valnefnd skal halda fundargerðir um það sem gerist á fundum og um ákvarðanir hennar. Valnefnd skal halda stjórn upplýstri um ákvarðanir sínar eftir því sem við á.

Tilnefningar byggja á faglegu ferli þar sem bakgrunnur, fagleg þekking, reynsla, færni og hæfi er kannað. Sérstaklega þarf að huga að samsetningu hverrar stjórnar með hliðsjón af fjölbreyttri þekkingu, reynslu og kynjahlutfalli. Þá skal þess gætt að ekki séu til staðar hagsmunaárekstrar milli tilnefndra aðila og félagsins og/eða samkeppnisástæður sem hamli tilnefningu viðkomandi.

Valnefnd skal kynna hluthafastefnu Gildis-lífeyrissjóðs fyrir þeim aðilum sem fyrirhugað er að tilnefna til að ganga úr skugga um að hluthafastefnan gangi ekki gegn gildum, sannfæringu eða stjórnarháttum viðkomandi aðila.

5.6. Starfskjarastefna

5.6.1. Laun stjórnarmanna

Við mat á því hverjar séu eðlilegar launagreiðslur fyrir stjórnarsetu í félagi telur Gildi-lífeyrissjóður að rétt sé að líta til umfangs og ábyrgðar starfsins, sem og þess fórnarkostnaðar sem stjórnarmenn þurfa að færa til að geta rækt skyldur sínar við félagið.

Telji Gildi-lífeyrissjóður að tillögur fyrir aðalfund um stjórnarlaun séu mjög frábrugðnar því sem hæfilegt er, með hliðsjón af framangreindum matsþáttum, kemur sjóðurinn þeim sjónarmiðum á framfæri sbr. ákvæði 5.3 sbr. og ákvæði 5.4., hvort sem launin teljast vera of há eða lág.

5.6.2. Starfskjör og starfskjarastefna

a) Skýrleiki starfskjara og starfskjarastefna

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á að starfskjarastefnur séu skýrar, skiljanlegar og samræmist tilgangi, stefnumótun, gildum og langtíma hagsmunum og sjálfbærni félaga og feli jafnframt í sér ákvæði sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Við ákvörðun launa forstjóra telur Gildi-lífeyrissjóður rétt að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á.

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum stjórnenda og starfsmanna, m.a. árangurstengdum launagreiðslum s.s. kaupaukum, sem og kaupréttum og öðrum réttindum sem tengjast hlutabréfum félaga. Nauðsynlegt er að hluthafar séu upplýstir um forsendur og rök fyrir breytilegum launaliðum tengdum rekstrarniðurstöðum og greiðslum og réttindum tengdum hlutafé félaga.

b) Upplýsingar í starfskjarastefnum

Lögð er áhersla á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðja við langtíma hagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum, þar á meðal hlunnindum.

Gildi-lífeyrissjóður beinir því til stjórna og starfskjaranefnda að við mótun starfskjarastefna verði lagt mat á eftirfarandi atriði og hvernig þau samræmast langtíma hagsmunum félaga og hluthafa, þar á meðal sjálfbærni félaga og raunarðsemi hluthafa (e. Economic Value Added):

a) Hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið;
b) Hversu háir kaupréttir og önnur réttindi tengd hlutabréfum félaga geta orðið, s.s. m.t.t. þróun markaðsverðs hlutabréfanna næstliðin ár séu hlutabréfin skráð á skipulegum markaði, tiltekinnar ávöxtunarkröfu eða annarra mælikvarða sem taldir eru viðeigandi;
c) Hversu háar árangurstengdar launagreiðslur og kaupréttir og önnur réttindi tengd hlutabréfum skv. b-lið geta orðið samanlagt;
d) Hvert hlutfall greiddra meðallauna stjórnenda og meðallauna annarra starfsmanna getur orðið;
e) Hvert hlutfall á milli fastra og árangurstengdra launagreiðslna getur orðið.

Áhersla er lögð á að allir þeir þættir sem áhrif geta haft á árangurstengdar launagreiðslur, hvort heldur fjárhagslegir þættir eða aðrir, séu útskýrðir og settir í samhengi við langtíma hagsmuni og sjálfbærni félaga.

Gildi-lífeyrissjóður telur rétt að starfskjarastefnur greini frá því hvernig þær eru mótaðar og allar breytingar útskýrðar í skýrslum um framkvæmd starfskjarastefna.

Telji Gildi-lífeyrissjóður að tiltekin starfskjarastefna sé ekki í samræmi við lögboðna og góða stjórnarhætti mun sjóðurinn koma þeim sjónarmiðum á framfæri sbr. ákvæði 5.3 og sbr. ákvæði 5.4.

c) Upplýsingar í skýrslum um starfskjarastefnur

Gildi-lífeyrissjóður leggur áherslu á að skýrslur um starfskjarastefnur séu skýrar og skiljanlegar og innihaldi yfirlit yfir framkvæmd starfskjarastefnu næstliðið ár og eftirfarandi upplýsingar tilgreindar eftir því sem við á:

i. Heildarlaunagreiðslur stjórnenda og stjórnarmanna skipt eftir:
    a. tegundum greiðslna
    b. hlutfall milli fastra og árangurstengdra launagreiðslna
    c. samhengi greiðslnanna við langtíma árangur og
    d. hvernig skilyrði um árangur voru heimfærð á greiðslur;
ii. Hlutfallslega breytingu á launagreiðslum stjórnenda og stjórnarmanna næstliðin þrjú fjárhagsár í hlutfalli við:
    a. þróun markaðsverðmætis félagsins, enda séu hlutabréf félagsins skráð á skipulegan verðbréfamarkað, og
    b. þróun meðallauna annarra starfsmanna félagsins;
iii. Hvers konar greiðslur eða hlunnindi sem stjórnendur og stjórnarmenn hafa þegið frá öðrum félögum innan sömu samstæðu;
iv. Fjöldi hlutabréfa og kauprétta sem afhent hafa verið eða gefin út til stjórnenda og stjórnarmanna, ásamt helstu skilyrðum slíkra réttinda, s.s. kaupverð, kaupdagur og breytingar þar á;
v. Upplýsingar um endurkröfurétt félagsins vegna árangurstengdra greiðslna;
vi. Framkvæmd stefnunnar, þar á meðal hlutverk starfskjaranefndar.
vii. Útskýringu á því hvernig sjónarmið hluthafa og annarra hagsmunaaðila sem komið hefur verið á framfæri við stjórn, hafa verið afgreidd.

Telji Gildi-lífeyrissjóður að tiltekin skýrsla um starfskjarastefnu sé ekki í samræmi við lögboðna og góða stjórnarhætti mun sjóðurinn koma þeim sjónarmiðum á framfæri sbr. ákvæði 5.3 sbr. og ákvæði 5.4.

6. Endurskoðun og birting

Hlutafastefna þessi skal endurskoðuð a.m.k árlega af stjórn Gildis-lífeyrissjóðs og eftir því sem tilefni gefst til að öðru leyti.

Hluthafastefna þessi ásamt Samskipta- og siðareglum Gildis-lífeyrissjóðs skal birt á heimasíðu sjóðsins og jafnframt sendar stjórnum þeirra félaga sem stefnan nær til skv. gildissviði hennar. Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á hluthafastefnunni skulu jafnframt birtar á heimasíðu og sendar viðkomandi stjórnum.

Við upplýsingagjöf til stjórna samkvæmt þessari grein skal sérstaklega óskað eftir athugasemdum stjórnarmanna félaga, s.s. ef þeir telji hluthafastefnuna ganga í berhögg við gildi, sannfæringu eða stjórnarhætti stjórnar eða stjórnarmanns.

Samþykkt á stjórnarfundi Gildis-lífeyrissjóðs 8. janúar 2015